

57 fyrir hennar hönd farið þess á leit, að jeg veitti Strandasýslubúum styrk til lífsfram-
22. apríl. dráttar af gjafafje, ef nokkurt slíkt fje væri til umráða.

Útaf þessu skal eigi látið hjálíða, að tjá yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir sýslunefndinni, að gjafafje er nú eigi framar til. Samskotunum erlendis er, einsog kunnugt er, fyrir löngu hætt, og því, sem eptir var af samskotafjenu, þegar samskotanefndin hætti störfum sínum, 1096 kr., er þegar búið að útbýta, en sú upphæð er það eina gjafafje, sem komið hefir í mínar hendur síðan jeg tók við landshöfðingjaembættinu. Til frekari skýringar skal það tekið fram, að auglýsing samskotanefndarinnar, sem birt var í »Þjóðólfi« 14. jan. þ. á., er eigi allskostar nákvæmlega orðuð, þarsem sumir hafa skilið hana svo, sem mjer hafi síðastliðið sumar verið afhentar 32000 kr. af samskotanefndinni, en þessar 32000 kr. voru borgaðar inn í aðalfjehirzluna til inntektar fyrir jarðabókarsjóð til endurgjalds því, sem árið 1885 var búið að útborga og lofa að útborga úr jarðabókarsjóðnum.

58 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um styrk
18. maí. handa búnaðarskóla af vöxtum af styrktarsjóði handa þeim, er biða tjón af jarðeldi á Íslandi. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 23. febrúar þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, fyrir hönd sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, farið þess á leit, að eptirstöðvarnar af vöxtunum af hinni föstu innstæðu »Styrktarsjóðs handa þeim, er biða tjón af jarðeldi á Íslandi« fyrir árið 1885, 656 kr., verði veittar búnaðarskólanum á Eyðum.

Útaf þessu skal yður tilkynnt til frekari birtingar, að jeg veiti hjermeð búnaðarskólanum á Eyðum ofangreinda upphæð af vöxtum nefnds sjóðs fyrir árið 1886, og má vitja hingað fjárens til útborgunar.

59 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
23. maí. um kosningu á alþingismanni fyrir sýsluna. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 16. þ. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað yfirlýsingu yðar um það, að þjer segið af yður alþingismennsku fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og jafnframt hafið þjer farið þess á leit, að jeg skipaði sem fyrst fyrir um nýja kosningu á alþingismanni fyrir nefnt kjördæmi fyrir það sem eptir er kjörtímans, og skýrt mjer frá því, að þjer, til að flýta fyrir hinni nýju kosningu, hafið þegar uppá væntanlegt samþykki mitt útgefið auglýsingu um, að kosningin skuli framfara 17. júní þ. á.

Fyrir því skal hjermeð svo fyrirskipað, samkvæmt 27. gr. kosningarlaganna til alþingis 14. sept. 1877, að aukakosning skuli framfara sem fyrst á alþingismanni fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, fyrir það sem eptir er af kjörtíma þeim, sem yfir stendur, og legg jeg hjermeð jafnframt samþykki mitt á ráðstöfun þá til að flýta fyrir kosningunni, er þjer hafið gjört og að ofan er frá skýrt.

60 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um
26. maí. endurgjald á veittum sveitarstyrk. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 5. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað skjöl þau, er snerta úrskurð yðar frá 20. janúar þ. á. um að Villingaholtshreppur í Árnessýslu skyldi endurgjalda fátækra sjóði Reykjavíkur-